

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/580****2021/EES/78/16****frá 24. júní 2016****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að halda utan um viðeigandi gögn að því er varðar tilboð með fjármálagerninga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum fjórðu undirgrein 3. mgr. 25. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Rekstraraðilum viðskiptavettvanga ætti að vera frjálst að ákvarða hvernig þeir halda skrár yfir viðeigandi gögn er varða öll tilboð með fjármálagerninga. Til að greiða fyrir skilvirkri og hagkvæmri flokkun, samanburði og greiningu á viðkomandi gögnum um tilboð með tilliti til markaðseftirlits ætti þó að gera slíkar upplýsingar tiltækar lögbærum yfirvöldum samkvæmt samræmdum stöðlum og sniðum þegar lögbært yfirvald óskar eftir slíkum upplýsingum skv. 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
- 2) Til að tryggja gagnsæi og réttarvissu og komast hjá tvöfaldri geymslu sömu upplýsinga ætti reglugerð þessi að ná yfir öll gagnastök sem varða tilboð, þ.m.t. upplýsingar sem gera á grein fyrir í samræmi við 1. og 3. mgr. 26. gr.
- 3) Til að greina og rannsaka hugsanleg markaðssvik eða tilraunir til markaðssvika á skilvirkan hátt þurfa lögbær yfirvöld að bera fljótt kennsl á einstaklinga og aðila sem kunna að vera virkir þátttakendur í tilboðsferlinu, þ.m.t. aðila að eða þátttakendur í viðskiptavöngum, aðila sem bera ábyrgð á fjárfestingu eða framkvæmd ákvarðana, milligöngumiðlara og viðskiptavini sem tilboð voru virkjuð fyrir, Þar af leiðandi ættu rekstraraðilar viðskiptavettvanga að auðkenna slíka aðila.
- 4) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að greina á skilvirkari hátt grunsamlegt athæfismynstur um hugsanlega misnotkun af hálfu viðskiptavinar, þ.m.t. þegar viðskiptavinurinn starfar fyrir milligöngu nokkurra verðbréfafyrirtækja, ættu rekstraraðilar viðskiptavettvanga að skrá auðkenni viðskiptavina sem aðilar að þeim eða þátttakendur lögðu fram tilboð fyrir. Rekstraraðilar ættu að auðkenna þessa viðskiptavini með einkvæmum auðkennum í því skyni að greiða fyrir öruggri og skilvirkri auðkenningu slíkra einstaklinga og greiða þannig fyrir skilvirkari greiningu á hugsanlegum markaðssvikum sem viðskiptavinir kunna að vera viðriðnir.
- 5) Ekki ætti að krefja rekstraraðila viðskiptavettvanga um að skrá auðkenni viðskiptavina fyrir alla viðskiptavini í viðskiptakeðjunni heldur aðeins þess viðskiptavinar sem aðilinn eða þátttakandinn lagði fram tilboð fyrir.
- 6) Auðkenning áætlana um viðskiptavakt eða svipaða starfsemi er mikilvæg til að hægt sé að greina markaðsmisnotkun með skilvirkum hætti. Þetta gerir lögbærum yfirvöldum kleift að greina flæði tilboða frá verðbréfafyrirtæki, sem starfar á grundvelli fyrirfram ákveðinna skilmála útgefanda gerningsins sem fyrirmælin snúast um, eða viðskiptavettvangsins þar sem tilboðin voru lögð fram, frá flæði tilboða frá verðbréfafyrirtæki sem starfar á eigin vegum eða að undirlagi viðskiptavinar síns.
- 7) Halda ætti skrá yfir nákvæmar dagsetningar og tíma og upplýsingar um framlagningu tilboða, breytingar, afturkallanir, synjanir og framkvæmd. Þetta gerir kleift að vakta breytingar á tilmælum á líftíma þeirra og gæti reynst mikilvægt við að greina og meta hugsanlega markaðsmisnotkun og framhjáhlupsviðskipti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjftð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 193. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjftð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

- 8) Til að tryggja nákvæma og heildstæða mynd af tilboðaskrá viðskiptavettvangs gera lögbær yfirvöld kröfu um upplýsingar um viðskiptatímabil þegar viðskipti eru með fjármálagerninga. Einkum má nota þessar upplýsingar til að ákvarða hvenær uppboðstímabil eða samfelld viðskipti hefjast og hvenær þeim lýkur, og hvort tilboð valda ófyrirséðum varrofum. Einnig er þess krafist að í upplýsingum þessum sé greint frá samspili tilboða, einkum þegar tímabilum lýkur á tilviljanakenndan hátt, svo sem með uppboðum. Upplýsingar um leiðbeinandi meðalverð og meðalmagn myndu einnig hjálpa við greiningu á hugsanlegri uppboðsmisnotkun. Þar eð eitt tilboð getur annaðhvort haft áhrif á meðalverð uppboðs, meðalmagn uppboðs eða hvort tveggja þurfa lögbær yfirvöld að gera sér grein fyrir áhrifum sérhvers tilboðs á þessi gildi. Án þessara upplýsinga væri erfitt að greina hvaða tilboð hafa haft áhrif á þessi gildi. Til viðbótar ætti að úthluta raðnúmeri fyrir hvern atburð sem skiptir máli í því skyni að ákvarða röð atburða þegar tveir eða fleiri atburðir verða samtímis.
- 9) Tilgreining á stöðu tilboða í tilboðaskrá gerir kleift að endurgera tilboðaskrána og greina í hvaða röð tilboð eru framkvæmd sem er mikilvægur þáttur í eftirliti með markaðssvikum. Staðan sem tilboði er úthlutað á veltur á því hvernig viðskiptakerfið hefur ákvarðað forgangsröðun hennar. Því ættu rekstraraðilar viðskiptavettvanga að úthluta og halda utan um upplýsingar um forgangsröðun tilboða með forgangsröðinni verð-sýnileiki-tími eða forgangsröðinni umfang-tími (e. *size-time*).
- 10) Til að gera skilvirkt markaðseftirlit mögulegt er nauðsynlegt er að geta tengt tilboð við samsvarandi viðskipti. Til samræmis við það ættu rekstraraðilar viðskiptavettvanga að hafa sérstakan auðkenniskóða viðskipta sem tengja tilboð við viðskipti.
- 11) Rekstraraðilar viðskiptavettvanga ættu, fyrir sérhver móttækin tilboð, að skrá og halda utan um tegund tilboða og tengdar tiltekna leiðbeiningar sem til samans ákvarða hvernig pörunarvélar þeirra (e. *matching engines*) eiga að meðhöndla sérhvert tilboð í samræmi við eigin flokkanir. Þessar ítarlegu upplýsingar eru nauðsynlegar til að lögbær yfirvöld geti vakt, innan ramma eftirlits þeirra með markaðssvikum, viðskiptastarfsemi í tiltekinni tilboðaskrá viðskiptavettvangs, einkum til að endurgera hegðun sérhvers tilboðs í tilboðaskránni. Hins vegar að teknu tilliti til fjölda fyrirliggjandi og mögulegra nýrra tegunda tilboða sem rekstraraðilar viðskiptavettvanga hafa útfært og sérstakra tæknilegra þátta sem tengjast þeim síðarnefndu kann skráning þessara ítarlegu upplýsinga samkvæmt innri flokkun rekstraraðilanna að gera lögbærum yfirvöldum sem stendur erfitt fyrir að endurgera aðgerðir í tilboðaskránni hjá öllum viðskiptavettvöngum með samræmdum hætti. Til að lögbær yfirvöld geti staðsett nákvæmlega sérhvert tilboð í tilboðaskránni ættu rekstraraðilar viðskiptavettvanga því einnig að flokka sérhvert tilboð sem tekið er á móti annaðhvort sem skilyrt tilboð þegar hægt er að framkvæma þau eða stopptilboð þegar einungis er hægt að framkvæma þau þegar fyrirframákveðið verð er í boði.
- 12) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 13) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 14) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið, staðlar og snið viðkomandi gagna um tilboð

1. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu hafa til reiðu fyrir lögbært yfirvald sitt þær upplýsingar um hver tilboð sem auglýst eru gegnum kerfi þeirra sem kveðið er á um í 2.–13. gr. eins og tilgreint er í öðrum og þriðja dálki í töflu 2 í viðaukanum, að því marki sem þær varða viðkomandi tilboð.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. Þegar lögbær yfirvöld óska eftir einhverjum af þeim upplýsingum sem um getur í 1. mgr. í samræmi við 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu rekstraraðilar viðskiptavettvanga afhenda þær upplýsingar samkvæmt þeim stöðlum og sniðmátum sem mælt er fyrir um í fjórða dálkinum í töflu 2 í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Auðkenning á viðkomandi aðilum

1. Að því er varðar öll tilboð skulu rekstraraðilar viðskiptavettvanga halda skrár um eftirfarandi:
 - a) aðilann að eða þátttakandann í viðskiptavettvangnum sem lagði fram tilboðið til vettvangsins, auðkenndan eins og tilgreint er í reit 1 í töflu 2 í viðaukanum,
 - b) einstaklinginn eða tölvualgrímið hjá aðilanum að eða þáttakandanum í viðskiptavettvangnum sem tilboð er lagt fram til og sem ber ábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni að baki tilboðinu, auðkenndan eins og tilgreint er í reit 4 í töflu 2 í viðaukanum,
 - c) einstaklinginn eða tölvualgrímið hjá aðilanum að eða þáttakandanum í viðskiptavettvangnum sem ber ábyrgð á framkvæmd tilboðsins, auðkenndan eins og tilgreint er í reit 5 í töflu 2 í viðaukanum,
 - d) aðilann að eða þátttakandann í viðskiptavettvangnum sem beindi tilboðinu áfram fyrir hönd og í nafni annars aðila að eða þátttakanda í viðskiptavettvangnum, auðkenndan sem milligöngumiðlara (e. *non-executing broker*) eins og tilgreint er í reit 6 í töflu 2 í viðaukanum,
 - e) viðskiptavininn sem aðilinn að eða þátttakandinn í viðskiptavettvangnum lagði fram tilboðið til viðskiptavettvangsins fyrir, auðkenndan eins og tilgreint er í reit 3 í töflu 2 í viðaukanum.
2. Sé aðila að eða þátttakanda í viðskiptavettvangi heimilt samkvæmt löggjöf aðildarríkis að úthluta tilboði á viðskiptavin sinn eftir að hann leggur fram tilboðið til viðskiptavettvangsins, án þess að hafa enn úthlutað tilboðinu á viðskiptavin sinn þegar tilboðið er lagt fram, skal það tilboð vera auðkennt eins og tilgreint er í reit 3 í töflu 2 í viðaukanum.
3. Þegar fleiri en eitt tilboð eru lögð fram saman til viðskiptavettvangsins sem samsöfnuð (e. *aggregated*) tilboð skulu samsöfnuðu tilboðin vera auðkennd eins og tilgreint er í reit 3 í töflu 2 í viðaukanum.

3. gr.

Viðskiptahlutverk aðila að eða þátttakenda í viðskiptavettvangi og veitingu seljanleika

1. Viðskiptahlutverkinu sem aðilinn að eða þátttakandinn í viðskiptavettvangnum gegnir þegar hann leggur fram tilboð skal lýst eins og tilgreint er í reit 7 í töflu 2 í viðaukanum.
2. Auðkenna skal eftirfarandi tilboð eins og tilgreint er í reit 8 í töflu 2 í viðaukanum:
 - a) tilboð sem aðili eða þátttakandi leggur fram til viðskiptavettvangs sem hluta af áætlun um viðskiptavakt skv. 17. og 48. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽¹⁾,
 - b) tilboð sem aðili eða þátttakandi leggur fram til viðskiptavettvangs sem hluta af annarri veitingu seljanleika (e. *liquidity provision activity*) sem framkvæmd er á grundvelli skilmála sem annaðhvort útgefandi gemingsins sem tilboðið tekur til eða sá viðskiptavettvangur hefur ákveðið fyrirfram.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15 maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtuð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

4. gr.

Skráning dagsetningar og tíma

1. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu halda skrá yfir dagsetningu og tíma hvers atburðar sem skráður er í reit 21 í töflu 2 í viðaukanum við þessa reglugerð, á nákvæmnistiginu sem tilgreint er í 2. gr. í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 ⁽¹⁾ eins og tilgreint er í reit 9 í töflu 2 í viðaukanum við þessa reglugerð. Skrá skal alla atburði sem um getur í reit 21 í töflu 2 í viðaukanum við þessa reglugerð með því að nota viðskiptaklukkurnar sem pörunarvélar viðskiptavettvangsins nota, nema hvað varðar skráningu dagsetningar og tíma þegar kerfi viðskiptavettvangs hafna tilboðum.
2. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu halda skrár um dagsetningu og tíma hvers gagnatriðis sem talið er upp í reitum 49, 50 og 51 í töflu 2 í viðaukanum við þessa reglugerð, á nákvæmnistiginu sem tilgreint er í 2. gr. í framseldri reglugerð (ESB) 2017/574.

5. gr.

Gildistími og takmarkanir tilboða

1. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu halda skrá yfir gildistíma og takmarkanir tilboða sem talin eru upp í reitum 10 og 11 í töflu 2 í viðaukanum.
2. Halda skal skrár yfir dagsetningar og tíma að því er varðar gildistíma eins og tilgreint er í reit 12 í töflu 2 í viðaukanum fyrir hvert gildistímabil.

6. gr.

Forgangsröðun og raðnúmer

1. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga sem starfrækja viðskiptakerfi með forgangsröðinni verð-sýnileiki-tími (e. *price-visibility-time priority*) skulu halda skrá um forgangstímastimpilinn (e. *priority time stamp*) fyrir öll tilboð eins og tilgreint er í reit 13 í töflu 2 í viðaukanum. Halda skal utan um forgangstímastimpilinn á sama nákvæmnistigi og tilgreint er í 1. mgr. 4. gr.
2. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga sem starfrækja viðskiptakerfi á grundvelli forgangsráðarinnar stærð-tími (e. *size-time*) skulu halda skrá um magn sem ákvarðar forgang tilboða eins og tilgreint er í reit 14 í töflu 2 í viðaukanum og einnig um forgangstímastimpilinn sem um getur í 1. mgr.
3. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga sem nota sambland af forgangsröðinni verð-sýnileiki-tími og stærð-tími og birta tilboð í tilboða-skrá sinni samkvæmt tímaforgangi skulu hlíta ákvæðum 1. mgr.
4. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga sem nota sambland af forgangsröðinni verð-sýnileiki-tími og stærð-tími og birta tilboð í tilboðaskrá sinni samkvæmt forgangsröðinni stærð-tími skulu hlíta ákvæðum 2. mgr.
5. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu úthluta og halda utan um raðnúmer fyrir alla atburði eins og tilgreint er í reit 15 í töflu 2 í viðaukanum.

7. gr.

Auðkenniskóðar tilboða um fjármálagerninga

1. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu halda utan um sérstakan auðkenniskóða fyrir hvert tilboða eins og tilgreint er í reit 20 í töflu 2 í viðaukanum. Auðkenniskóðinn skal vera einkvæmur fyrir hverja tilboðaskrá, hvern viðskiptadag og hvern fjármálagerning. Hann skal gilda frá viðtöku tilboðs frá rekstraraðila viðskiptavettvangsins þar til tilboðið er fjarlægð úr tilboðaskránni. Auðkenniskóðinn skal einnig gilda um tilboð sem er synjað, óháð ástæðu synjunarinnar.

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 frá 7. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaða fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna (Stjttð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 148).

2. Rekstraraðili viðskiptavettvangs skal halda utan um viðkomandi upplýsingar um áætlunarfyrirmæli með fóligna virkni (e. *strategy orders with implied functionality* (SOIF)) sem miðlað er til almennings eins og tilgreint er í viðaukanum. Í reit 33 í töflu 2 í viðaukanum skal setja yfirlýsingu um að tilboðið sé fólgið tilboð (e. *implicit order*).

Rekstraraðili viðskiptavettvangs skal halda utan um upplýsingar um framkvæmd áætlunarfyrirmæla með fóligna virkni eins og tilgreint er í viðaukanum.

Við framkvæmd áætlunarfyrirmæla með fóligna virkni skal tilgreina auðkenniskóða tilboða sem tengjast áætluninni með því að nota sama auðkenniskóða fyrir öll tilboð sem tengjast viðkomandi áætlun. Auðkenniskóði tilboða sem tengjast áætlun skal vera eins og tilgreint er í reit 46 í töflu 2 í viðaukanum.

3. Viðskiptavettvangur sem býður upp á beiningaráætlun (e. *routing strategy*) skal auðkenna tilboð sem eru lögð fram til þess viðskiptavettvangs en beint til annars viðskiptavettvangs með orðinu „beind“ (e. *routed*) eins og tilgreint er í reit 33 í töflu 2 í viðaukanum. Tilboð sem lögð eru fram til viðskiptavettvangs sem býður upp á beiningaráætlun skulu halda sama auðkenniskóða út líftíma sinn, óháð því hvort eftirstandandi magn sé fært að nýju í tilboðaskrána sem þau voru fyrst færð í.

8. gr.

Atburðir sem hafa áhrif á tilboð um fjármálagerninga

Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu halda skrá yfir upplýsingarnar sem um getur í reit 21 í töflu 2 í viðaukanum að því er varðar ný tilboð.

9. gr.

Tegund tilboðs um fjármálagerninga

1. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu skrá tegund tilboðs fyrir hvert móttekið tilboð og nota til þess eigin flokkun eins og tilgreint er í reit 22 í töflu 2 í viðaukanum.

2. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu flokka hvert móttekið tilboð annaðhvort sem skilyrt tilboð eða stopptilboð eins og tilgreint er í reit 23 í töflu 2 í viðaukanum.

10. gr.

Verð sem varðar tilboð

Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu halda skrá yfir allar verðtengdar upplýsingar sem um getur í þætti I í töflu 2 í viðaukanum, að því marki sem þær varða tilboðin.

11. gr.

Fyrirmæli með tilboðum

Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu halda skrár yfir öll fyrirmæli um tilboð sem tekið er við með hverju tilboði, eins og tilgreint er í þætti J í töflu 2 í viðaukanum.

12. gr.

Auðkenniskóði viðskipta á viðskiptavettvangnum

Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu halda utan um einkvæma auðkenniskóða viðskipta fyrir hver viðskipti sem leiða af framkvæmd í heild eða að hluta á tilboði eins og tilgreint er í reit 48 í töflu 2 í viðaukanum.

*13. gr.***Viðskiptafasar, leiðbeinandi uppboðsverð og magn**

1. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu halda skrá yfir upplýsingar um tilboð eins og tilgreint er í þætti K í töflu 2 í viðaukanum.
2. Þegar lögbær yfirvöld krefjast upplýsinga sem um getur í þætti K skv. 1. gr. skal einnig telja upplýsingarnar sem um getur í 9. og 15.–18. reit í töflu 2 í viðaukanum til upplýsinga sem varða tilboðið sem sú krafa beinist að.

*14. gr.***Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með þeim degi sem um getur í annarri málsgrein 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Tafla 1

Skýringar fyrir töflu 2

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
{ALPHANUM-n}	Allt að n-alstafir	Frjáls textareitur.
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	3 bókstafa gjaldmiðilskóði, samkvæmt ISO 4217 gjaldmiðilskóðum
{DATE_TIME_FORMAT}	ISO 8601 dagsetningar- og tímasnið	Dagsetning og tíma á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ss.dddddZ. — „ÁÁÁÁ“ er árið, — „MM“ er mánuðurinn, — „DD“ er dagurinn, — „T“ — merkir að nota skuli bókstafinn „T“, — „kk“ er klukkustundin, — „mm“ er mínútan, — „ss.ddddd“ eru sekúndan og sekúndubrot hennar, — Z er samræmdur heimstími (UTC). Dagsetningar og tíma skal tilkynna á UTC.
{DATEFORMAT}	ISO 8601 dagsetningarsnið	Dagsetningar skulu vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir þar af geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi. — táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), — mínustölur eru með forskeytinu „-“ (mínus), — gildi eru námunduð en ekki stýfð.
{INTEGER-n}	Heil tala allt að n tölustafir alls	Talnareitur fyrir bæði jákvæð og neikvæð heiltölugildi.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166.
{LEI}	20 alstafir	Auðkenni lögaðila eins og það er skilgreint í ISO 17442
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383
{NATIONAL_ID}	35 alstafir	Auðkennið er það sem sett er fram í 6. gr. II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 ⁽¹⁾ .

(¹) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449).

Tafla 2

Upplýsingar um tilboð

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
----	--------	--	--

Þáttur A — Auðkenning viðkomandi aðila

1	Auðkenning aðilans sem lagði tilboð fram	Deili á aðilanum að eða þátttakandanum í viðskiptavettvangnum. Þegar um ræðir beinan rafrænan aðgang (DEA) skal tilgreina veitanda hins beina rafræna aðgangs.	{LEI}
2	Beinn rafrænn aðgangur	„rétt“: tilboðið var lagt fram á viðskiptavettvangnum gegnum beinan rafrænan aðgang, eins og hann er skilgreindur í 41. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. „rangt“: tilboðið var ekki lagt fram á viðskiptavettvangnum gegnum beinan rafrænan aðgang, eins og hann er skilgreindur í 41. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.	„rétt“ „rangt“
3	Auðkenniskóði viðskiptavinar	Kóði sem notaður er til að auðkenna aðila að eða þátttakanda í viðskiptavettvangnum. Sé um að ræða beinan, rafrænan aðgang skal nota kóða notanda með beinan, rafrænan aðgang. Nota skal auðkenni lögaðila ef viðskiptavinurinn er lögaðili. Nota skal {NATIONAL_ID} ef viðskiptavinurinn er ekki lögaðili. Sé um að ræða samsöfnuð (e. <i>aggregated</i>) tilboð skal nota flaggið AGGR eins og tilgreint er í 3. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar. Sé um að ræða úthlutanir sem bíða afgreiðslu (e. <i>pending allocations</i>) skal nota flaggið PNAL eins og tilgreint er í 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar. Einungis skal skilja þennan reit eftir auðan ef aðilinn að eða þátttakandinn í viðskiptavettvangnum hefur engan viðskiptavin.	{LEI} {NATIONAL_ID} „AGGR“ — samsöfnuð tilboð „PNAL“ — úthlutanir sem bíða afgreiðslu
4	Fjárfestingarákvörðun innan fyrirtækis	Kóði sem notaður er til að auðkenna einstaklinginn eða algrímið sem tekur fjárfestingarákvörðunina innan aðilans að eða þátttakandans í viðskiptavettvangnum í samræmi við 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590. Hafi einstaklingur innan aðilans að eða þátttakandans í viðskiptavettvangnum tekið fjárfestingarákvörðunina skal auðkenna einstaklinginn sem ber ábyrgð eða höfuðábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni með {NATIONAL_ID}. Hafi algrím tekið fjárfestingarákvörðunina skal fylla út í reitinn eins og greint er frá í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590. Skilja skal þennan reit eftir auðan ef hvorki einstaklingur né algrím innan aðilans að eða þátttakandans í viðskiptavettvangnum tók ákvörðunina.	{NATIONAL_ID} — einstaklingar {ALPHANUM-50} — algrím
5	Framkvæmd innan fyrirtækis	Kóði sem notaður er til að auðkenna einstaklinginn eða algrímið innan aðilans að eða þátttakandans í viðskiptavettvangnum sem sér um framkvæmd viðskiptanna vegna tilboðsins í samræmi við 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590. Sjái einstaklingur um framkvæmd viðskiptanna skal auðkenna hann með {NATIONAL_ID}	{NATIONAL_ID} — einstaklingar {ALPHANUM-50} — algrím

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
		Sjái algrím um framkvæmd viðskiptanna skal fylla út þennan reit í samræmi við 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590. Komi fleiri en einn einstaklingur eða bæði einstaklingur og algrím að framkvæmd viðskiptanna skal aðilinn að, þátttakandinn í eða viðskiptavinur viðskiptavettvangsins ákvarða hvaða miðlari eða algrím sér aðallega um hana eins og tilgreint er í 4. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590 og fylla út þennan reit með auðkenni þess miðlara eða algríms.	
6	Milligöngumiðlari	Í samræmi við d-lið 2. gr. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	{LEI}

Þáttur B — Viðskiptahlutverk og veiting seljanleika

7	Viðskiptahlutverk	Tilgreining á því hvort tilboðið er lagt fram vegna þess að aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangnum sé að framkvæma pöruð miðlaraviðskipti (e. <i>matched principal trading</i>) skv. 38. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða stunda viðskipti fyrir eigin reikning skv. 6. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Stafi framlagning tilboðsins ekki af því að aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangnum framkvæmi pöruð miðlaraviðskipti eða stundi viðskipti fyrir eigin reikning skal reiturinn tilgreina að viðskiptin hafi verið framkvæmd út frá öðru hlutverki.	„DEAL“ — viðskipti fyrir eigin reikning „MTCH“ — pöruð miðlaraviðskipti „AOTC“ — annað hlutverk
8	Veiting seljanleika	Tilgreining á því hvort tilboð er lagt fram á viðskiptavettvangi sem hluti af áætlun um viðskiptavakt skv. 17. og 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða sem hluti annarrar starfsemi í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar.	„rétt“ „rangt“

Þáttur C — Dagsetning og tími

9	Dagsetning og tími	Dagsetning og tími fyrir hvern atburð sem talinn er upp í þáttum [G] og [K].	{DATE_TIME_FORMAT} Ákvarða skal fjölda tölustafa eftir „sekúndurnar“ í samræmi við 2. mgr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574.
---	--------------------	--	---

Þáttur D — Gildistími og takmarkanir tilboða

10	Gildistími	Gildir út daginn (e. <i>Good-For-Day</i>): tilboðið rennur út í lok sama viðskiptadags og það var fært í tilboðaskrána. Gildir fram að niðurfellingu (e. <i>Good-Till-Cancelled</i>): tilboðið gildir í tilboðaskránni og er framkvæmanlegt þar til það er í raun fellt niður.	„DAVY“ — gildir út daginn „GTCV“ — gildir fram að niðurfellingu
----	------------	---	--

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
		<p>Gildir fram að tilteknum tíma (e. <i>Good-Till-Time</i>): tilboðið rennur út í síðasta lagi á fyrirframákveðnum tíma innan yfirstandandi viðskiptatímabils.</p> <p>Gildir fram á tiltekinn dag (e. <i>Good-Till-Date</i>): tilboðið rennur út í lok tiltekins dags.</p> <p>Gildir fram á tiltekinn dag og tíma (e. <i>Good-Till-Specified Date and Time</i>): tilboðið rennur út á fyrirframákveðnum degi og tíma.</p> <p>Gildir eftir tiltekinn tíma (e. <i>Good After Time</i>): tilboðið gildir einungis eftir fyrirframákveðnum tíma innan yfirstandandi viðskiptatímabils.</p> <p>Gildir eftir tiltekinn dag (e. <i>Good After Date</i>): tilboðið gildir einungis frá byrjun fyrirframákveðins dags.</p> <p>Gildir eftir tiltekinn dag og tíma (e. <i>Good After Specified Date and Time</i>): tilboðið gildir einungis frá fyrirframákveðnum tíma á fyrirframákveðnum degi.</p> <p>Tafarlaust eða niðurfellt (e. <i>Immediate-Or-Cancel</i>): tilboð sem er framkvæmt þegar það er fært í tilboðabókina (í því magni sem unnt er að framkvæma) og hverfur úr tilboðaskránni þótt eftirstandandi magn (ef eitthvert er) hafi ekki verið framkvæmt.</p> <p>Allt eða ekkert (e. <i>Fill-or-Kill</i>): tilboð sem er framkvæmt þegar það er fært í tilboðaskrána að því tilskildu að unnt sé að framkvæma það að fullu: Sé einungis unnt að framkvæma tilboðið að hluta til er því sjálfkrafa hafnað og því ekki hægt að framkvæma það.</p> <p>Annað: viðbótarupplýsingar sem eru sértækar fyrir tiltekin viðskiptalíkön, viðskiptavettvanga eða -kerfi.</p>	<p>„GTTV“ — gildir fram að tilteknum tíma</p> <p>„GTDV“ — gildir fram á tiltekinn dag</p> <p>„GTSV“ — gildir fram á tiltekinn dag og tíma</p> <p>„GATV“ — gildir eftir tiltekinn tíma</p> <p>„GADV“ — gildir eftir tiltekinn dag</p> <p>„GASV“ — gildir eftir tiltekinn dag og tíma</p> <p>„IOCV“ — tafarlaust eða niðurfellt</p> <p>„FOKV“ — allt eða ekkert eða {ALPHANUM-4} stafir sem ekki eru þegar í notkun í eigin flokkun viðskiptavettvangsins.</p>
11	Takmörkun tilboðs	<p>Tækt til pörunar á lokatímabili (e. <i>Good For Closing Price Crossing Session</i>): þegar tilboð er tækt til pörunar á lokaverðspörunartímabilinu.</p> <p>Gildir á uppboðstíma (e. <i>Valid For Auction</i>): tilboðið er einungis virkt og einungis framkvæmanlegt á uppboðstímabilum (sem sá aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangnum sem lagði fram tilboðið getur skilgreint fyrirfram, t.d. upphafs- og/eða lokunaruppboð og/eða uppboð innan viðskiptadags).</p> <p>Gildir einungis um samfelld viðskipti (e. <i>Valid For Continuous Trading only</i>): tilboðið gildir aðeins innan samfellds viðskiptatíma.</p>	<p>„SESR“ — tæk til pörunar á lokatímabili</p> <p>„VFAR“ — gilda á uppboðstíma</p> <p>„VFCR“ — gildir einungis um samfelld viðskipti</p>

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
		Annað: viðbótarupplýsingar sem eru sértækar fyrir tiltekin viðskiptalíkön, viðskiptavettvanga eða -kerfi.	{ALPHANUM-4} stafir sem ekki eru þegar í notkun í eigin flokkun viðskiptavettvangsins. Þennan reit skal fylla út með þeim fjölda flagga sem við á og skulu flöggin aðskilin með kommu.
12	Gildistímabil og tími	<p>Þetta vísar til tímastimpils sem sýnir tímann þegar tilboðið verður virkt eða er endanlega fjarlægt úr tilboðaskránni</p> <p>Gildir út daginn: innsetningardagurinn með tímastimpli rétt fyrir miðnætti</p> <p>Gildir fram að tilteknum tíma: innsetningardagurinn og tíminn sem tilgreindur er í tilboðinu</p> <p>Gildir fram á tiltekinn dag: tilgreindur lokadagur með tímastimpli rétt fyrir miðnætti</p> <p>Gildir fram á tiltekinn dag og tíma: tilgreindur lokadagur og -tími</p> <p>Gildir eftir tiltekinn tíma: innsetningardagur og tilgreindur tími þegar tilboðið verður virkt</p> <p>Gildir eftir tiltekinn dag: tilgreindur dagur með tímastimpli rétt eftir miðnætti</p> <p>Gildir eftir tiltekinn dag og tíma: tilgreindur dagur og tími þegar tilboðið verður virkt</p> <p>Gildir fram að niðurfellingu: síðasti dagur og tími sem tilboðið er sjálfkrafa fjarlægt með markaðsaðgerðum</p> <p>Annað: tímastimpill fyrir aðrar gildistegundir.</p>	{DATE_TIME_FORMAT} Ákvarða skal fjölda tölustafa eftir „sekúndurnar“ í samræmi við 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/574.

Þáttur E — Forgangsröðun og raðnúmer

13	Forgangstímastimpill	Uppfæra skal reit þennan í hvert sinn sem forgangur tilboðs breytist.	{DATE_TIME_FORMAT} Ákvarða skal fjölda tölustafa eftir „sekúndurnar“ í samræmi við 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/574.
14	Stærð í forgangi	Fyrir viðskiptavettvanga sem nota forgangsröðina stærð-tími skal fylla þennan reit út með jákvæðri tölu sem samsvarar magninu. Uppfæra skal reit þennan í hvert sinn sem forgangur tilboðsins breytist.	Allt að 20 jákvæðum tölustöfum.
15	Raðnúmer	Auðkenna skal hvern einstakan atburð sem tilgreindur er í G-þætti með því að nota jákvæðar heilar tölur í hækkandi röð. Raðnúmer skal vera einkvæmt fyrir hverja tegund atburðar; samræmt yfir alla atburði, tímastimplað af rekstraraðila viðskiptavettvangsins og vera viðvarandi fyrir daginn sem atburðurinn á sér stað.	{INTEGER-50}

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
----	--------	--	--

Þáttur F — Auðkenning tilboðs

16	Markaðsauðkenniskóði markaðshluta (e. <i>Segment MIC code</i>)	Auðkenning viðskiptavettvangsins þar sem tilboðið var lagt fram. Nota skal markaðsauðkenniskóða markaðshluta ef viðskiptavettvangurinn notar hann. Ef viðskiptavettvangurinn notar ekki markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila (e. <i>operating MIC</i>)	{MIC}
17	Kóði tilboðaskrár	Alstafakóði sem viðskiptavettvangurinn hefur stofnað til fyrir hverja einstaka tilboðaskrá.	{ALPHANUM-20}
18	Auðkenniskóði fjármálagernings	Einkvæmt og ótvírætt auðkenni fjármálagerningsins	{ISIN}
19	Viðtökudagur	Viðtökudagur upphaflegs tilboðs.	{DATEFORMAT}
20	Auðkenniskóði tilboðs	Alstafakóði sem úthlutað er af rekstraraðila viðskiptavettvangsins á einstök tilboð.	{ALPHANUM-50}

Þáttur G — Atburðir sem hafa áhrif á tilboðið

21	Nýtt tilboð, breyting á tilboði, niðurfelling tilboða, synjun tilboða, framkvæmd að fullu eða að hluta til	<p>Nýtt tilboð: rekstraraðila viðskiptavettvangsins berst nýtt tilboð.</p> <p>Virkjuð: tilboð sem verður framkvæmanlegt eða, eftir atvikum, ekki framkvæmanlegt þegar fyrirframákveðnum skilyrðum er fullnægt.</p> <p>Aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangnum skiptir út: þegar aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangnum ákveður, að eigin frumkvæði, að breyta einhverjum einkennum tilboðs sem hann hafði áður fært inn í tilboðaskrána.</p> <p>Markaðsaðgerðir (sjálfvirkar) skipta út: þegar upplýsingatæknikerfi rekstraraðila viðskiptavettvangsins breyta einhverjum einkennum tilboða. Þar á meðal eru breytingar á núverandi einkennum viðmiðstengds tilboðs (e. <i>peg order</i>) eða stopptilboðs til að endurspegla staðsetningu tilboðsins í tilboðaskránni</p> <p>Skipt út með markaðsaðgerðum (mannleg íhlutun): þegar starfsfólk rekstraraðila viðskiptavettvangs breytir einhverjum eiginleikum tilboðs. Þar á meðal eru aðstæður þar sem aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangnum á í vanda í tengslum við upplýsingatækni og áriðandi er fyrir hann að fella niður tilboð sín.</p> <p>Breyting á stöðu að frumkvæði aðila að eða þátttakanda í viðskiptavettvangnum. Þar á meðal er sú ráðstöfun að gera tilboð virkt og óvirkt.</p>	<p>„NEWO“ — nýtt tilboð</p> <p>„TRIG“ — virkjað</p> <p>„REME“ — aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangnum skiptir út</p> <p>„REMA“ — skipt út með markaðsaðgerðum (sjálfvirkum)</p> <p>„REMH“ — skipt út með markaðsaðgerðum (mannleg íhlutun)</p> <p>„CHME“ — breyting á stöðu að frumkvæði aðila að eða þátttakanda í viðskiptavettvangnum</p>
----	--	---	--

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
		<p>Breyting á stöðu vegna markaðsaðgerða.</p> <p>Niðurfelld að frumkvæði aðila að eða þátttakanda í viðskiptavettvangnum; þegar aðili, þátttakandi eða viðskiptavinur ákveður, að eigin frumkvæði að afturkalla tilboðið sem hann hefur áður fært inn.</p> <p>Niðurfelld með markaðsaðgerðum. Í þessu felst verndarfyrirkomulag fyrir verðbréfafyrirtæki sem annast viðskiptavakt eins og mælt er fyrir um í 17. og 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB</p> <p>Tilboð sem er hafnað: tilboð sem tekið er við en rekstraraðili viðskiptavettvangs hafnar.</p> <p>Útrunnið tilboð: þegar tilboð eru fjarlægð úr tilboðaskránni við lok gildistíma þeirra.</p> <p>Framkvæmd að hluta til: þegar tilboð eru ekki framkvæmd að fullu og eitthvert magn þeirra stendur eftir óframkvæmt.</p> <p>Framkvæmd að fullu: þegar ekkert eftirstandandi magn er til að framkvæma.</p>	<p>„CHMO“ — breyting á stöðu vegna markaðsaðgerða</p> <p>„CAME“ — niðurfelld að frumkvæði aðila að eða þátttakanda í viðskiptavettvangnum</p> <p>„CAMO“ — niðurfelld með markaðsaðgerðum</p> <p>„REMO“ — tilboð sem er hafnað</p> <p>„EXPI“ — útrunnið tilboð</p> <p>„PARF“ — framkvæmd að hluta til</p> <p>„FILL“ — framkvæmd að fullu {ALPHANUM-4} stafir sem ekki eru þegar í notkun í eigin flokkun viðskiptavettvangsins.</p>

Þáttur H — Tegund tilboðs

22	Tegund tilboðs	Tilgreining á tegund tilboðs sem lagt er fram á viðskiptavettvangi, samkvæmt forskrift viðskiptavettvangsins.	{ALPHANUM-50}
23	Flokkun á tegund tilboðs	Flokkun á tilboði samkvæmt tveimur almennum tegundum tilboða. SKILYRT tilboð: sé hægt að framkvæma tilboðið og STOPPtilboð: sé einungis hægt að framkvæma tilboðið þegar fyrirframskilgreindur verðatburður verður að veruleika	Bókstafirnir „LMTO“ fyrir „skilyrt“ eða bókstafirnir „STOP“ fyrir „stopp“.

Þáttur I — Verð

24	Skilyrt verð	Hámarksverð sem unnt er að framkvæma kauptilboð á eða lágmarksverð sem unnt er að framkvæma sölutilboð á. Verðbilið fyrir áætlunarfyrirmæli (e. <i>strategy order</i>). Það getur verið neikvætt eða jákvætt.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi. Sé verðið tilkynnt í peningafjárhæðum skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.
----	--------------	---	--

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
		<p>Þennan reit skal skilja eftir auðan sé um að ræða tilboð án skilyrts verðs eða tilboð án verðs.</p> <p>Sé um að ræða breytanlegt skuldabréf skal raunverulegt verð (með eða án áfallinna vaxta) sem notað er um tilboðið koma fram í þessum reit.</p>	<p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.</p> <p>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum</p>
25	Skilyrt verð til viðbótar	<p>Annað skilyrt verð sem kann að eiga við um tilboðið. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.</p>	<p>{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi.</p> <p>Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.</p> <p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.</p> <p>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum</p>
26	Stoppverð	<p>Verðið sem verður að nást svo að tilboðið verði virkt.</p> <p>Sé um að ræða stopptilboð sem atburðir óháðir verði fjármálagerningsins setja af stað skal fylla þennan reit út með markverðinu núll.</p> <p>Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.</p>	<p>{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi.</p> <p>Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.</p> <p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.</p> <p>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum.</p>
27	Viðmiðstengt skilyrt verð (e. <i>pegged limit price</i>)	<p>Hámarksverð sem unnt er að framkvæma viðmiðstengt (e. <i>pegged</i>) kautilboð á eða lágmarksverð sem unnt er að framkvæma viðmiðstengt sölutilboð á.</p> <p>Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.</p>	<p>{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi.</p> <p>Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.</p> <p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.</p> <p>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum</p>

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
28	Verð í viðskiptum	<p>Verð sem viðskiptin fara fram á að undanskildum, ef við á, þóknunum og áföllnum vöxtum.</p> <p>Sé um að ræða valréttarsamninga skal það vera gjaldið (e. <i>premium</i>) samkvæmt afleiðusamningnum fyrir hvern undirliggjandi þátt eða vísitölustig.</p> <p>Sé um að ræða veðjun á verðbil (e. <i>spread bets</i>) skal það vera viðmiðunarverð beins undirliggjandi gernings.</p> <p>Sé um að ræða skuldatryggingu skulu það vera vextirnir í grunnpunktum.</p> <p>Sé verðið tilkynnt sem peningafjárhæð skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.</p> <p>Fylla skal þennan reit út með gildinu „NOAP“ ef verð á ekki við.</p>	<p>{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningafjárhæð.</p> <p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun</p> <p>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum</p> <p>„NOAP“</p>
29	Gjaldmiðill verðs	Gjaldmiðillinn sem verð fjármálagerningsins sem tilboðið tengist er gefið upp í (á við þegar verðið er gefið upp sem peningagildi).	{CURRENCYCODE_3}
30	Gjaldmiðill í 2. legg	<p>Sé um að ræða fjölmynta skiptasamninga eða skiptasamninga milli tveggja gjaldmiðla skal gjaldmiðill 2. leggjar vera sá sem 2. leggur samningsins er í.</p> <p>Sé um að ræða skiptirétt þar sem undirliggjandi skiptasamningur eru fjölmynta skal gjaldmiðill 2. leggjar vera sá sem 2. leggur skiptasamningsins er í.</p> <p>Þennan reit þarf aðeins að fylla út ef um er að ræða vaxta- og gjaldeyrisafleiðusamninga.</p>	{CURRENCYCODE_3}
31	Framsetningarform verðs	Tilgreining á því hvort verðið er gefið upp sem peningagildi, hundraðshluti, ávöxtun eða grunnpunktar.	<p>„MONE“ — peningagildi</p> <p>„PERC“ — hundraðshluti</p> <p>„YIEL“ — ávöxtun</p> <p>„BAPO“ — grunnpunktar</p>

Þáttur J — Fyrirmæli með tilboðum

32	Kaup- eða söluvísir	<p>Til að sýna hvort tilboðið varðar kaup eða sölu.</p> <p>Sé um að ræða valrétti og skiptirétti skal kaupandinn vera mótaðilinn sem hefur réttinn til að nýta valréttinn og seljandinn skal vera mótaðilinn sem selur valréttinn og tekur við gjaldi.</p> <p>Sé um er ræða framtíðarsamninga og framvirka samninga, aðra en sem varða gjaldmiðla, skal kaupandinn vera mótaðilinn sem kaupir gerninginn og seljandinn vera mótaðilinn sem selur gerninginn.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða verðbréf skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur áhættuna af verðbreytingum á undirliggjandi verðbréfum og tekur við fjárhæð verðbréfsins. Seljandinn skal vera mótaðilinn sem greiðir fjárhæð verðbréfsins.</p>	<p>„BUYI“ — kaupa</p> <p>„SELL“ — selja</p>
----	---------------------	---	---

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
		<p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða vexti og verðbólguvísitölur skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir föstu vextina. Seljandinn skal vera mótaðilinn sem tekur við föstu vöxtunum. Sé um að ræða skiptasamninga um breytilega vexti (vaxtaskiptasamninga með gagnkvæmt breytilegum vöxtum) skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir álagið og seljandinn mótaðilinn sem tekur við álaginu.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga og framvirka samninga sem varða gjaldmiðla og skiptasamninga milli gjaldmiðla skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við gjaldmiðlinum sem er fremstur í stafrófsröð samkvæmt ISO 4217 staðlinum og seljandinn skal vera mótaðilinn sem afhendir þennan gjaldmiðil.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða arðgreiðslur skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við viðkomandi eiginlegum arðgreiðslum. Seljandinn er mótaðilinn sem greiðir arðinn og tekur við föstu greiðslunum.</p> <p>Sé um að ræða afleiðugerninga til yfirfærslu á greiðslufallsáhættu, að undanskildum valréttum og skiptiréttum, skal kaupandinn vera mótaðilinn sem kaupir vörnina. Seljandinn er mótaðilinn sem selur vörnina.</p> <p>Sé um að ræða afleiðusamninga sem varða hrávörur eða losunarheimildir skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við hrávörunni eða losunarheimildinni eins og tilgreint er í tilkynningunni og seljandinn vera mótaðilinn sem afhendir hrávöruna eða losunarheimildina.</p> <p>Sé um að ræða framvirka vaxtasamninga skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir föstu vextina og seljandinn mótaðilinn sem tekur við föstu vöxtunum.</p> <p>Sé um að ræða hækkun á grundvallarfjárhæð skal kaupandinn vera sá sami og sá sem eignast fjármálagerninginn í upphaflegu viðskiptunum og seljandinn vera sá sami og lætur af hendi fjármálagerninginn í upphaflegu viðskiptunum.</p> <p>Sé um að ræða lækkun á grundvallarfjárhæð skal kaupandinn vera sá sami og lætur fjármálagerninginn af hendi í upphaflegu viðskiptunum og seljandinn vera sá sami og sá sem eignast fjármálagerninginn í upphaflegu viðskiptunum.</p>	
33	Staða tilboðs	<p>Til að auðkenna tilboð sem eru virk/óvirk/stöðvuð tímabundið, föst/leiðbeinandi (einungis notað um verðtilboð)/fólgin (e. <i>implicit</i>)/endurbeind (e. <i>rerouted</i>).</p> <p>Virk — framkvæmanleg tilboð önnur en verðtilboð.</p> <p>Óvirk — óframkvæmanleg tilboð önnur en verðtilboð.</p> <p>Föst/leiðbeinandi — einungis notað um verðtilboð. Leiðbeinandi verðtilboð merkir að þau séu sýnileg en ekki sé hægt að framkvæma þau. Þar á meðal eru áskriftarréttindi á sumum viðskiptavettvöngum. Hægt er að framkvæma föst verðtilboð.</p> <p>Fólgin (e. <i>implicit</i>) — Notað um áætlunarfyrimæli (e. <i>strategy orders</i>) sem hljóta af virkninni „fólgin inn“ (e. <i>implied in</i>) eða „fólgin út“ (e. <i>implied out</i>).</p> <p>Beind (e. <i>routed</i>) — Notað um tilboð sem viðskiptavettvangur beinir til annars vettvangs.</p>	<p>„ACTI“ — virk eða</p> <p>„INAC“ — óvirk eða</p> <p>„FIRM“ — föst verðtilboð eða</p> <p>„INDI“ — leiðbeinandi verðtilboð eða</p> <p>„IMPL“ — fólgin áætlunarfyrimæli eða</p> <p>„ROUT“ — beind tilboð.</p> <p>Ef fleiri en ein staða á við skal fylla þennan reit út með fleiri en einu flaggi og aðskilja flöggin með kommu.</p>

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
34	Magntáknun	Tilgreining á því hvort tilkynnt magn er gefið upp sem fjöldi eininga, nafnvirði eða peningagildi.	„UNIT“ — fjöldi eininga „NOML“ — nafnvirði „MONE“ — peningagildi
35	Gjaldmiðill magns	Gjaldmiðill sem magnið er gefið upp í. Aðeins þarf að fylla út reitinn ef magnið er gefið upp sem nafnvirði eða peningagildi.	{ CURRENCYCODE_3 }
36	Upphaflegt magn	Fjöldi eininga fjármálagerningsins eða fjöldi afleiðusamninga í tilboðinu. Nafnvirði eða peningagildi fjármálagerningsins. Sé um að ræða veðjun á verðbil skal magnið vera peningagildið sem lagt er undir á hverja punktahreyfingu í undirliggjandi fjármálagerningi. Sé um að ræða hækkun eða lækkun á grundvallarfjárhæð afleiðusamninga skal talan endurspegla tölugildi breytingarinnar og gefin upp sem jákvæð tala. Sé um að ræða skuldatryggingu skal magnið vera grundvallarfjárhæðin sem vernd er fengin fyrir eða veitt.	{ DECIMAL-18/17 } ef magnið er gefið upp sem fjöldi eininga { DECIMAL-18/5 } ef magnið er gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði
37	Eftirstandandi magn, þ.m.t. dulið	Heildarmagn sem stendur eftir í tilboðaskrá þegar framkvæmd hefur farið fram að hluta eða ef annar atburður hefur áhrif á tilboðið. Sé um að ræða atburð þar sem tilboðið er framkvæmt að hluta skal tilgreina heildareftirstöðvar magns eftir þá framkvæmd að hluta. Við innsetningu tilboðs skal þetta jafngilda upphaflegu magni.	{ DECIMAL-18/17 } sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga { DECIMAL-18/5 } sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði
38	Sýnt magn	Magnið sem er sýnilegt (andstætt við dulið) í tilboðaskránni.	{ DECIMAL-18/17 } sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga { DECIMAL-18/5 } sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði
39	Magn sem viðskipti voru með	Við framkvæmd að fullu eða að hluta skal fylla út þennan reit með framkvæmdu magni.	{ DECIMAL-18/17 } sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga { DECIMAL-18/5 } sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.
40	Lágmark fullnægjandi magns (MAQ)	Lágmark fullnægjandi magns (e. <i>minimum acceptable quantity</i>) til að tilboð sé framkvæmt, sem getur samanstaðið af fleiri en einni framkvæmd að hluta og er jafnan aðeins fyrir skammtímategundir (e. <i>non-persistent</i>) tilboða. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	{ DECIMAL-18/17 } sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga { DECIMAL-18/5 } sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
41	Lágmark framkvæmanlegrar stærðar (MES)	Lágmark framkvæmanlegrar stærðar (e. <i>minimum execution size</i>) hvernar einstakrar hugsanlegrar framkvæmdar. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.
42	Lágmark framkvæmanlegrar stærðar (MES) aðeins við fyrstu framkvæmd	Tilgreining á því hvort lágmark framkvæmanlegrar stærðar (MES) á aðeins við um fyrstu framkvæmd. Þennan reit má skilja eftir auðan ef reitur 41 er skilinn eftir auður.	„rétt“ „rangt“
43	Tilgreining á hlutleysi (e. <i>passive only</i>)	Tilgreining á því hvort tilboðið er lagt fram á viðskiptavettvangnum með því formerki/flaggi að það skuli ekki parast þegar í stað við sýnilega gagnstætt tilboð.	„rétt“ „rangt“
44	Tilgreining á hlutleysi eða ágengni (e. <i>passive or aggressive</i>)	Tilgreining á því hvort tilboð sem var framkvæmt að hluta eða til fulls var þegar í tilboðaskránni og myndaði seljanleika (hlutlaust) eða virkjaði viðskiptin og tók þar með upp seljanleika. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	„PASV“ — hlutlaust eða „AGRE“ — ágengt.
45	Komið í veg fyrir eigin framkvæmd	Tilgreining á því hvort tilboð hafi verið sett inn ásamt viðmiðum til að koma í veg fyrir eigin framkvæmd, svo þau séu ekki þöruð við tilboð á andstæðri hlið tilboðabókarinnar sem sami aðili eða þátttakandi setur inn.	„rétt“ „rangt“
46	Auðkenning tilboðs sem tengist áætlun	Alstafakóði er notaður til að tengja öll tengd tilboð sem eru hluti af áætlun skv. 2. mgr. 7. gr.	{ALPHANUM-50}
47	Beiningaráætlun	Viðkomandi áætlun um beiningu tilboðs (e. <i>routing</i>) samkvæmt forskrift viðskiptavettvangsins.. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	{ALPHANUM-50}
48	Auðkenniskóði viðskipta á viðskiptavettvangnum	Alstafakóði sem viðskiptavettvangurinn úthlutar á viðskipti skv. 12. gr. þessarar reglugerðar. Auðkenniskóði viðskipta á viðskiptavettvangi skal vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tillit til hvers ISO10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta (e. <i>segment MIC</i>) og hvers viðskiptadags. Noti viðskiptavettvangurinn ekki markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal auðkenniskóði viðskipta á viðskiptavettvangi vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tilliti til hvers markaðsauðkenniskóða rekstraraðila og hvers viðskiptadags. Einstakir hlutar auðkenniskóða viðskipta mega ekki sýna hverjir eru mótaðilar viðskiptanna sem kóðinn gildir um.	{ALPHANUM-52}

N.	Reitur	Efni upplýsinga um tilboð sem hafa skal til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið	Staðlar og snið upplýsinga um tilboð sem nota á við afhendingu viðkomandi gagna um tilboð til lögbærra yfirvalda, samkvæmt beiðni.
----	--------	--	--

Þáttur K — Viðskiptafasar, leiðbeinandi uppboðsverð og magn

49	Viðskiptafasar	Heiti hvers mismunandi viðskiptafasa á meðan tilboð eru til staðar í tilboðaskránni, að meðtöldum styttri, tímabundnum stöðvunum viðskipta (e. <i>halts</i>), útsláttum viðskiptarofa (e. <i>circuit breakers</i>) og lengri stöðvunum viðskipta (e. <i>suspensions</i>).	{ALPHANUM-50}
50	Leiðbeinandi uppboðsverð	Verðið sem uppboðið myndi parast á miðað við þá fjármálagerninga sem eitt eða fleiri tilboð hafa verið lögð fram í.	<p>{DECIMAL-18/5} sé verðið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.</p> <p>Sé verðið tilkynnt sem peningafjárhæð skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.</p> <p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.</p>
51	Leiðbeinandi uppboðsmagn	Magnið (fjöldi eininga af fjármálagerningnum) sem hægt er að framkvæma á leiðbeinandi uppboðsverðinu í reit 50 ef uppboðinu myndi ljúka nákvæmlega á viðkomandi augnabliki.	<p>{DECIMAL-18/17} ef magnið er gefið upp sem fjöldi eininga</p> <p>{DECIMAL-18/5} ef magnið er gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði</p>